



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# FJÖGUR ÍSLENSK TONSKÁLD

ICELAND SYMPHONY ORCHESTRA  
FOUR ICELANDIC COMPOSERS



ICELAND  
AIRWAVES

SINFÓNÍAN Á AIRWAVES  
2. NÓVEMBER 2017

---

# VELKOMIN/WELCOME

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum standur.**

**Please turn off all mobile phones during the concert.**

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og eru aðgengilegir í Sarpinum á ruv.is.

This concert is broadcast live on RÚV/Iceland Radio and can be accessed on ruv.is

**Áætluð tímalengd/Estimated duration:**

Undir tekur yfir: 17'

Dreymi: 17'

Aequora: 11'

Flow and Fusion: 11'

**Ekkert hlé er gert á tónleikunum/The concert will be played without intermission.**



@icelandsymphony / #sinfó

**Aðalstyrktaraðili :**

**GAMMA**



SINFÓNÍAN Á AIRWAVES

# ÍSLENSK HLJÓMSVEITARVERK

---

Sinfóníuhljómsveit  
Íslands/Iceland Symphony  
Orchestra

---

**Anna-María Helsing**  
hljómsveitarstjóri/conductor

---

---

EFNISSKRÁ /PROGRAMME

Hildur Guðnadóttir  
**Undir tekur yfir/Under Takes Over** (2013)

Anna Þorvaldsdóttir  
**Dreymi/Dreaming** (2008)

María Huld Markan Sigfúsdóttir  
**Aequora** (2016)

Þuríður Jónsdóttir  
**Flow and Fusion** (2002)

---



---

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS / ICELAND SYMPHONY ORCHESTRA

**S**infóníuhljómsveit Íslands var stofnuð vorið 1950 og hefur um árabíl verið í fremstu röð hljómsveita á Norðurlöndum. Hljómsveitin hefur fengið afbragðs dóma jafnt fyrir hljóðritanir sínar sem og tónleika heima og erlendis. Vorið 2011 varð Harpa heimili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Sinfóníuhljómsveit Íslands hljóðritar reglulega fyrir alþjóðleg útgáfufyrirtæki, m.a. BIS, Chandos og Naxos. Fyrsti diskurinn með verkum Vincents d'Indy (Chandos), var tilnefndur til Grammy-verðlauna fyrir besta flutning sinfóníuhljómsveitar árið 2009. Sinfóníuhljómsveit Íslands kemur nú í sjötta sinn fram á Iceland Airwaves-hátíðinni. Árið 2011 lék hún þrjú verk eftir tvö ung íslensk tónskáld, og 2013 voru Árstíðirnar fjórar endursamdar eftir breska tónskáldið Max Richter og verk Ólafs Arnalds *For Now I am Winter* á efnisskránni. Hljómsveitin hefur einnig flutt *The Miners' Hymns* eftir Jóhann Jóhannsson, komið fram með John Grant og í fyrra voru haldnir tónleikar með listamönnum Bedroom Community.

**F**ounded in 1950, The Iceland Symphony Orchestra, resident at Harpa concert hall in Reykjavík, has distinguished itself as one of the leading Nordic orchestras through its acclaimed performances and recordings. The Iceland Symphony Orchestra records regularly for BIS, Chandos and Naxos and the first volume of the complete orchestral music of Vincent d'Indy (Chandos), was nominated for a Grammy-award for Best Orchestral Performance in 2009. This year's performance is the orchestra's sixth contribution to the Iceland Airwaves. In 2011 three works of young Icelandic composers were on the programme and in 2013 the orchestra performed Max Richter's *The Four Seasons Recomposed* and *For Now I am Winter* featuring the composer Ólafur Arnalds as soloist. The orchestra has also performed Jóhann Jóhannsson's *The Miners' Hymns*, done a concert with singer/songwriter John Grant, and last year featured a concert with artists from the Bedroom Community record label.



---

# ANNA-MARIA HELING

## HLJÓMSVEITARSTJÓRI/CONDUCTOR

**F**innski hljómveitarstjórinn Anna-Maria Helsing hefur vakið mikla athygli á síðustu árum fyrir hæfileika sína. Á árunum 2010–2013 var hún aðalhljómveitarstjóri Oulu-sinfóníuhljómveitarinnar, fyrst kvenna til að vera í forsvari finnskrar sinfóníuhljómveitar. Helsing hefur stjórnað öllum leiðandi hljómveitum Finnlands ásamt hljómveitum í Skandinavíu og Eystrasaltsríkjunum. Meðal þeirra eru Sinfóníuhljómveit finnska útvarpsins, filharmóníusveitir Helsinki og Tampere, Konunglega filharmóníuhljómveitin í Stokkhólmi og sinfóníuhljómveitir Gautaborgar, Þrándheims og Eistlands. Helsing hefur einnig látið að sér kveða í óperuheiminum sem hljómveitarstjóri Finnsku Þjóðaróperunnar, óperunnar í Tampere ásamt hljómveit óperunnar í Malmö og á óperuhátíðinni í Savonlinna.

Anna-Maria Helsing stjórnaði Sinfóníuhljómveit Íslands í fyrsta sinn vorið 2015 og stjórnaði einnig óperunni *Magnus Maria* eftir Karólínu Eiríksdóttur víða á Norðurlöndum, meðal annars á Listahátíð í Reykjavík.

**A**nna-Maria Helsing has gained an outstanding reputation with leading Scandinavian orchestras and opera houses. From 2010-2013 she was Chief Conductor of the Oulu Symphony – the first ever female conductor at the head of a Finnish symphony orchestra. Within a short time she has conducted all the major Finnish and Swedish orchestras including the Finnish Radio Symphony Orchestra, Helsinki Philharmonic Orchestra, Tampere Philharmonic, Tapiola Sinfonietta, Finnish National Opera Orchestra and Royal Stockholm Philharmonic Orchestra. She has also conducted opera at the Tampere Opera and at the Savonlinna Opera Festival.

Anna-Maria Helsing has conducted the Iceland Symphony Orchestra several times since her debut in spring 2015, and she also conducted the opera *Magnus Maria*, by Icelandic composer Karólína Eiríksdóttir, in several Nordic cities including at the Reykjavík Arts Festival in Harpa.



# HILDUR GUÐNADÓTTIR

## UNDIR TEKUR YFIR/UNDER TAKES OVER

**H**ildur Guðnadóttir (f. 1982) hefur vakið mikla athygli og aðdáun fyrir störf sín í hinum ýmsu geirum tónlistarinnar. Hún stundaði selló- og tónsmíðanám á Íslandi og í Berlín og hefur starfað bæði í tilraunapoppi og samtímatónlist, t.d. með hljóm- sveisitinni múm. Hún hefur samið mikið af tónlist fyrir leikhús, kvikmyndir og dans, vann Grímuverðlaunin 2011 fyrir tónlist sína við *Lé konung* og var tilnefnd til Norrænu tónlistarverðlaunanna 2014. Hún hefur einnig komið að tónlist fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti, m.a. *Sicario* (2015), *The Revenant* (2015) og *The Handmaid's Tale*.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Undir tekur yfir hljómaði í fyrsta sinn á Tectonics-hátíð Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands vorið 2013, undir stjórn Ilans Volkov.

Þegar *Undir tekur yfir* var frumflutt fylgdi eftirfarandi texti Hildar með í tónleikaskrá: „Sumarið 2012 varð ég fyrir þeirri lífsreynslu að missa meðvitund. Ég missti reyndar ekki neitt, því að það sem gerðist í rauninni var að það urðu eins konar meðvitundarskipti og undirmeðvitundin tók yfirvöldin af þeirri vitund sem yfirleitt ræður ferðinni. Stuttu áður en þetta atvik átti sér stað hafði Ilan Volkov samband við mig og bað mig að skrifa tónverk fyrir Sinfóníuhljóm- sveit Íslands. Í júlí 2012 dreymdi mig verkið, í formi teikningar. Þar sem mér fannst að undirmeðvitundin ætti við mig erindi, þá teiknaði ég það sem mig dreymdi og byggði tónverkið á teikningunni. Ég mæli ekkert sérstaklega með því að missa meðvitund, en það getur verið mjög áhrifaríkt að færa meðvitundina – að einbeita sér og skynfærunum á annan hátt en maður er vanur.

*Undir tekur yfir* krefst þess af hljóðfæraleikurum hljóm- sveitarinnar að þeir hlusti og spili á annan hátt en þeir eru vanir. Mig langar að biðja þig, hlustandi góður, að prófa að gera slíkt hið sama. Mig langar að biðja þig að taka örlítinn tíma í byrjun tónleikanna til að undirbúa hlustunina. Þegar þú byrjar að heyra hljóð, langar mig að biðja þig að taka eftir því hvernig þú hlustar, og færa svo skynjunina. Hvernig þú gerir það er undir þér komið, en þú gætir t.d. fært hlustunina frá eyrum niður í axlir, eða þú getur fært hljóðið sem þér finnst koma að framan, fyrir ofan þig. Hvernig sem þú ákveður að hlusta, reyndu að gera það einbeitt en á sama tíma eins áreynslu- og hugsanalaust og þú getur. Takk fyrir að hlusta. Hildur.“

**H**ildur Guðnadóttir (b. 1982) has received great acclaim for her work in various musical genres. She studied cello and composition in Reykjavík and Berlin, and has worked in both experimental pop and contemporary classical music, including the band múm. Among her theater work was an acclaimed score for *King Lear*, for which she won the Gríma Award in 2011, and *Under Takes Over* earned her a nomination for the Nordic Council Music Prize. She is also a prolific film and television composer, including music for *Sicario* (2015), *The Revenant* (2015), and *The Handmaid's Tale*.

---

#### **PREVIOUS PERFORMANCES**

Under Takes Over was premiered at the Iceland Symphony Orchestra's Tectonics Festival in spring 2013, conducted by Ilan Volkov.

Hildur wrote the following for the premiere of *Under Takes Over*: “In summer 2012 I had the experience of losing consciousness. I didn’t actually lose anything; my subconscious took over from my typical conscious state. Shortly before this incident, Ilan Volkov had asked if I would write a piece for the Iceland Symphony, and in July 2012 I had a dream where I visualized the work in the form of a drawing. I don’t particularly recommend losing consciousness, but it can be very effective to move one’s consciousness; to focus the sense organs in a different way. *Under Takes Over* demands that the performers listen and play differently than usual. I would like to ask you, dear listener, to do the same. Take a moment before the concert starts to prepare your listening. When you start hearing sounds, I would like to ask you to notice how you listen, and move your perception. How you do this is up to you: you can move it from your ears down to your shoulders, or you can move sound coming directly at you to a place above. However you decide to listen, do it with concentration while also staying effortless. Thank you for listening. Hildur.”



# ANNA ÞORVALDSDÓTTIR

## DREYMI/DREAMING

**A**nna Þorvaldsdóttir (f. 1977) er eitt kunnasta tónskáld Íslands um þessar mundir. Verk hennar hafa komið út á hljómdiskum hjá Deutsche Grammophon og Sono Luminus, og hún hefur samið m.a. fyrir Ensemble Intercontemporain, The International Contemporary Ensemble (ICE) og The Crossing Choir. Anna hlaut hin virtu Kravis Emerging Composer Prize hjá Filharmóníusveit New York-borgar og mun hljómsveitin frumflytja nýtt verk hennar á næsta ári. Í verkum hennar er hljóðheimurinn oft og tíðum víðfeðmur og gjarnan innblásinn af framvindu og hlutföllum í náttúru og landslagi. Eftirfarandi texti fylgir verkinu *Dreymi*:

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Dreymi var frumflutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands árið 2010 og stjórnaði Bernharður Wilkinson hljómsveitinni. Verkið var síðan gefið út ári síðar á hljómdiskinum Rhizōma. Anna hlaut Tónskáldaverðlaun Norðurlandaráðs 2012 fyrir verkið, fyrst íslenskra kvenna og sú þriðja úr röðum kvenna í sögu verðlaunanna.

*Náttúra*  
*eining*  
*flæði*  
*sýn*  
*hlýð*  
*eining*  
*Náttúra*

Veikur hljóðheimur fæðist af þögn, verkið verður til af hinu hljóða. Tónlistin er í einum þætti sem frá byrjun til enda myndar flæðandi hljóðheim. Hljómsveitarstjórinn verður hluti af hljómsveitinni þar sem hlutverk hans og „leikur“ er á ákveðnum stöðum ritaður til aðgreiningar frá reglulegum taktslætti, sem er hefðbundið hlutverk stjórnandans. Verkið er að tölverðum hluta byggt á öðrum hljóðum en tónum; tónlistin byggir á blöndun þessara hljóða og tóna sem saman mynda heild. Eftir þróun flæðandi samspils taka hljóðfæraleikararnir smám saman hver og einn að leika einleik samtímis, sem myndar þannig samspil af einstaka þáttum. Hreyfingalaus nærvera stjórnandans stýrir hljómsveitinni að lokum: eftir að hafa byggt verkið frá byrjun og ræktað það nægir tilvist hans til að leiða hljómsveitina og verkið inn í hið óendanlega. Tími er óþarfur. Hringrásin heldur áfram.

Í hverjum hljómi má finna hljóðaveröld þar sem hinar smáu hljóðeiningar, er saman mynda hvern tón, leysast upp og skapa sinn eigin hljóðheim. Með því að beina hlustuninni að mismunandi eiginleikum hljóðsins má breyta upplifuninni frá einu andartaki til annars.

-uppgötvun-



**A**nna Porvaldsdóttir (b. 1977) is one of Iceland's most celebrated composers. Her works have been released on CD by Deutsche Grammophon and Sono Luminus, and she has composed for groups such as Ensemble Intercontemporain, The International Contemporary Ensemble (ICE) and The Crossing Choir. Anna received the Kravis Emerging Composer Prize awarded by the New York Philharmonic, which will premiere a new work of hers in 2018.

---

#### **PREVIOUS PERFORMANCES**

Dreaming was premiered by the Iceland Symphony Orchestra in 2010, conducted by Bernharður Wilkinson. The work was released on the CD Rhízöma a year later. In 2012 Anna received the Nordic Council Music Prize for this work, the first Icelandic woman to do so, and the third in the award's history.

Anna's soundscape is expansive and her works are frequently inspired by Icelandic landscape. *Of Dreaming*, she gives the following comment:

*Nature  
listen  
flow free  
individually  
embrace  
listen  
Nature*

A quiet soundworld is born from silence, the piece is born from the quiet. The music is in a single movement which from beginning to end embodies a flowing world of sound. The conductor becomes a part of the orchestra as his role and "performance" is at certain moments written in a different way than regular beating of time. After the development of a flowing interplay between the instruments, each performer gradually begins to perform individually so that the orchestra becomes an ensemble of soloistic events. The motionless presence of the conductor directs the piece in the end – his presence alone is enough to lead the orchestra and the piece into the infinite. Time is redundant. The cycle continues.

In each chord there is a world of collective sounds where the small sound particles dissolve and create their own world. By attending to the various qualities of the sound the perception can be changed from one moment to the next.

*-realization-*



# MARÍA HULD MARKAN SIGFÚSDÓTTIR

## AEQUORA

**M**aría Huld Markan Sigfúsdóttir (f. 1980) fíðluleikari og tónskáld hefur farið um víðan völl tónlistarinnar. María Huld útskrifaðist frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 2000 og frá Listaháskóla Íslands með BA-gráðu í tónsmíðum árið 2007. Auk þess að sinna tónsmíðum hefur María Huld verið meðlimur í hljómsveitinni amiinu til margra ára og með henni ferðast heimshorna á milli og flutt tónlist í ýmsum myndum. María hefur á undanförunum árum unnið með hinum ýmsu listamönnum og hljómsveitum, t.d. Sinfóníuhljómsveit Íslands, Nordic Affect, London Sinfonietta, Sigur Rós og Ragnarí Kjartanssyni. Árið 2012 hlaut María viðurkenningu frá IRC (International Rostrum of Composers) fyrir verk sitt, *Sleeping Pendulum*. Upptökur af verkum hennar hafa hlotið mikið lof gagnrýnenda, og má þar sérstaklega nefna plötuna *Clockworking* sem kom út á árinu 2015 á vegum Sono Luminus-útgáfunnar og hefur að geyma tvö tónverk Maríu Huldar í flutningi tónlistarhópsins Nordic Affect.

María Huld segir eftirfarandi um verk sitt: „Verkið *Aequora* á uppruna sinn í öðru verki sem samið var fyrir píanó og elektróník og frumflutt á Listahátíð í Reykjavík 2015. Það verk var í upphafi notað sem eins konar beinagrind sem bætt var utan á og klippt og límt, breytt og bætt, þar til nýtt og sjálfstætt verk var orðið til, mjög ólíkt upphaflegu beinagrindinni. Nafngiftin *Aequora* er fengin úr ljóðabókinni *Nox* eftir kanadíska ljóðskáldið Ann Carson. *Aequora* er latneskt orð í hvorugkyni fleirtölu og merkir slétt yfirborð eða sléttir fletir. Tilfinning ljóðsins, sem er í raun stílfærð útskýring þessa latneska orðs, og hljómur orðsins sjálfs, er eins konar útgangspunktur fyrir verkið.“

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflutti *Aequora* á Tectonics-tónlistarhátíðinni í apríl 2016 og flutti verkið aftur síðar sama ár. *Aequora* var flutt á tónleikum Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Los Angeles í Walt Disney Hall fyrr á þessu ári, þá undir stjórn Esa-Pekka Salonen.

---

**PREVIOUS  
PERFORMANCES**

The Iceland Symphony premiered *Aequora* at the Tectonics Festival in April 2016 and performed it again under the direction of Yan Pascal Tortelier later that year. The work was also performed by the Los Angeles Philharmonic, conducted by Esa-Pekka Salonen, at the Reykjavík Festival in Walt Disney Hall in April 2017.

**M**aría Huld Markan Sigfúsdóttir (b. 1980) began studying violin at the Reykjavík College of Music and continued with composition at the Iceland Academy of the Arts. While in college she was a founding member of a string quartet which later became the group *amiina*. She works frequently with pop artists such as Sigur Rós, Spiritualized, and Lee Hazlewood, and has played on the soundtracks for films. In 2012 she received an honorary mention at the International Rostrum of Composers for her work *Sleeping Pendulum*. Her compositions include *Clockworking* (for string trio and electronics) for Nordic Affect, and the scores for director Mike Ott's films *Pearblossom Hwy* (2012) and *Lake Los Angeles* (2014).

María Huld writes the following about her work: “*Aequora* has its origins in another work, for piano and electronics, which was premiered at the Reykjavík Arts Festival in 2015. I used that work as a kind of skeleton, adding to it, cutting and pasting, changing and improving, until a new, independent work was born. The title *Aequora* is taken from *Nox*, a book of poems by the Canadian poet Ann Carson. The Latin word means a smooth surface, and I allowed myself to be inspired by the feeling of the poem, and the sound of the word itself.”



# ÞURÍÐUR JÓNSDÓTTIR

## FLOW AND FUSION

Þuríður Jónsdóttir (f. 1967) er gjörn á að kanna nýja hljóðheima í verkum sínum. Mörg þeirra eru studd rafhljóðum, önnur innihalda leikræna tilburði, náttúruhljóð eða þátttöku áheyrenda. Meðal helstu verka Þuríðar má nefna flautukonsertinn *Flutter* sem saminn var fyrir ítalska flautusnillinginn Mario Caroli, en skordýrahljóð leika þar kontrapunkt við hljómsveitina, *Flow and Fusion* fyrir stóra umbreytta hljómsveit, *Rauðan bring* fyrir kór, einsöngvara og rafhljóð, og harmónikkukonsertinn *Installation Around a Heart* sem saminn var fyrir hinn þekktá norska harmónikkuleikara Geir Draugsvoll og Caput. Nýtt verk hennar, *Cylinder 49*, var frumflutt á Reykjavíkurbátíð Fílharmóníuhljómsveitarinnar í Los Angeles í apríl síðastliðnum undir stjórn Daníels Bjarnasonar. Verk Þuríðar hafa verið tilnefnd til Íslensku tónlistarverðlaunanna og til Tónskáldaverðlauna Norðurlandaráðs 2006, 2010 og 2012.

Þegar *Flow and Fusion* var fyrst flutt á Íslandi sagði Þuríður þetta um verk sitt: „Eitt af því sem ég hafði í huga þegar ég skrifaði *Flow and Fusion* voru ólíkir taumar flæðandi glóðheitar bergkviku sem sameinuðust í einni iðandi hraunkvöðu, sem storknaði svo, varð að kletti ... og endurómaði“.

*Flow and Fusion*, ásamt *Aequora* og *Dreymi*, má finna á nýjasta hljómdiski Sinfóníuhljómsveitar Íslands, *Recurrence*, sem kom út hjá bandaríska fyrirtækinu Sono Luminus fyrir á þessu ári og hefur hlotið frábæra dóma.

### TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Flow and Fusion var frumflutt í Bologna á Ítalíu en Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verkið árin 2004, 2006 og 2016. Það var tilnefnt til Tónlistarverðlauna Norðurlandaráðs 2006.

---

**PREVIOUS  
PERFORMANCES**

Flow and Fusion was premiered in Bologna, Italy, but the Iceland Symphony has performed the work three times previously, in 2004, 2006, and 2016.

It was nominated for the Nordic Council Music Prize in 2006.

**P**uríður Jónsdóttir (b. 1967) frequently explores novel worlds of sound in her works. Many are accompanied by electronic sounds or dramatic gestures, sounds from nature, or include audience participation. Among her most important works are the flute concerto *Flutter*, written for the Italian flute virtuoso Mario Caroli, where insect sounds are in counterpoint to the orchestra, *Flow and Fusion* for large orchestra, *Red Circle* for choir, vocal soloists, and electronics, and the accordion concerto *Installation Around a Heart*, written for the renowned Norwegian accordionist Geir Draugsvoll and the Caput Ensemble. A new work of hers, *Cylinder 49*, was premiered at the LA Philharmonic's Reykjavík Festival last April. Her works have been nominated for the Icelandic Music Award as well as for the Nordic Council Music Prize in 2006, 2010, and 2012.

At the time of *Flow and Fusion's* Icelandic premiere, Puríður said that among her inspirations was an image of "different streams of flowing red-hot lava that combined in one moving stream, which became hard, turned into rock ... and began to sound."

*Flow and Fusion*, along with *Aequora* and *Dreaming*, can be found on the Iceland Symphony Orchestra's latest CD, *Recurrence*, which was released on the Sono Luminus label earlier this year to great critical acclaim.

# SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

2. NÓVEMBER 2017

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Vera Panitch  
Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Andrzej Kleina  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Margrét Kristjánsdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Laufey Sigurðardóttir

## 2. FIÐLA

Joaquín Páll Palomares  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Roland Hartwell  
Þórdís Stross  
Kristján Matthíasson  
Pascal La Rosa  
Ingrid Karlsdóttir  
Ísak Ríkharðsson  
Ólöf Þorvarðsdóttir  
Gróa Margrét Valdimarsdóttir  
Christian Diethard  
Margrét Þorsteinsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Daniel Schmitt  
Eyjólfur Alfreðsson  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Kathryn Harrison  
Þórarinn Már Baldursson  
Móeiður Anna Sigurðardóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Bryndís Halla Gylfadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Lovísa Fjeldsted

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Gunnlaugur Torfi Stefánsson  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Melkorka Ólafsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Martin Danek  
Daniel Bogorad  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Grímur Helgason  
Ármann Helgason

## SAXÓFÓN

Sigurður Flosason  
Vigdís Klara Aradóttir

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Eugénie Ricard  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

## HORN

Emil Friðfinnsson  
Joseph Ognibene  
Lilja Valdimarsdóttir  
Frank Hammarin

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Guðmundur Hafsteinsson  
Baldvín Oddsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Benjamin Ordaz

## HARPA

Katie Buckley

## PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Kjartan Guðnason

## RAFHLJÓÐ

Gunnar Karel Másson

Yan Pascal Tortelier *aðalhljómsveitarstjóri*  
Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*  
Osmo Vänskä *heiðursstjórnandi*  
Daniel Bjarnason *staðarlistamaður*

Arna Kristín Einarsdóttir *framkvæmdastjóri*  
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*  
Margrét Sigurðsson *fjármálfulltrúi*  
Grímur Grímsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*  
Hjördis Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*  
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*  
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*  
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*  
Una Eypórsdóttir *mannauðsstjóri*  
Gísli Magnússon *umsjónarmaður nótna*



Recurrence er nýjasti diskur Sinfóníuhljómsveitar Íslands, gefinn út af Sono Luminus og stjórnað af Daníel Bjarnasyni, staðarlistamanni hljómsveitarinnar. Á diskinum má finna þrjú af þeim fjórum verkum sem hljóma á tónleikunum í kvöld en það eru verk Önnu Þorvaldsdóttur, Maríu Huldar Markan og Þuríðar Jónsdóttur.

**Diskurinn Recurrence er fáanlegur í Smekkleysu en verður einnig til sölu fyrir framan Eldborg á 2. hæð að tónleikunum loknum.**

Recurrence is a new CD from the Iceland Symphony Orchestra, recorded and released by Sono Luminus. The album contains five works by Icelandic contemporary composers conducted by Daníel Bjarnason, the Iceland Symphony's artist-in-residence. Three of the four works on tonight's programme are featured on Recurrence.

**Recurrence will be available for sale outside Eldborg, on the 2nd floor, after the concert tonight.**

25. OG 26. JANÚAR 2018



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

SINFÓNÍU  
HLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS **Á**  
**MYRKUM**  
**MÚSIKDÖGUM**

HLJÓMSVEITARSTJÓRI  
**DANÍEL BJARNASON**

25. JANÚAR  
18:00

**UNGSVEITIN  
Á MYRKUM**

25. JANÚAR  
19:30

**SÆUNN  
OG VÍKINGUR**

26. JANÚAR  
12:00

**YRKJA –  
UPPSKERU-  
TÓNLEIKAR**

**KYNNIÐ YKKUR EFNISKRÁNA  
SINFONIA.IS**

Miðasala í Hörpu  
sinfonia.is  
harpa.is  
528 50 50



@icelandsymphony / #sinfó

Aðalstyrktaraðili :

**GAMMA**